

2.5.1. Aðalpóststofan í Reykjavík annast rekstur póststofunnar, póstafréiðslna og bréfhirðinga í Reykjavík og nágrenni.

Þessari starfsemi stjórnar póstmeistari í Reykjavík.

2.5.2. Símsstöðin í Reykjavík annast rekstur símakerfisins í Reykjavík, þ. m. t. rekstur ritsímans og handvirku talsímastöðvarinnar í Reykjavík.

Þessari starfsemi stjórnar símsstjórinn í Reykjavík.

2.6. Póst- og símamálastjóri ákveður nánar um verkaskiptingu þessara deilda.

3. gr.

3.1. Öllum stjórnendum Pósts og síma ber, hverjum á sínu sviði, að vinna að góðu skipulagi og hagkvæmum rekstri og fylgjast vel með þeim framförum, sem verða í öðrum löndum.

3.2. Þeim ber að leggja fyrir póst- og símamálastjóra tillögur sínar um endurbætur í sinni deild og hafa nána samvinnu sín á milli um sameiginleg mál.

4. gr.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 8, 9. janúar 1935, um stjórn og starfrækslu póst- og símamála, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1975. Frá sama tíma falla niður reglugerð nr. 77/1956 um skipulag Pósts og síma og reglugerð nr. 177/1960 um breytingu á þeirri reglugerð, samanber þó ákvæði til bráðabirgða hér á eftir.

Ákvæði til bráðabirgða.

Til 31. mars 1975 skal ritsíma- og langlínumiðstöðin í Reykjavík starfa á sama hátt og áður samkvæmt eldri reglum, undir stjórn ritsímastjórans í Reykjavík, sem jafnframt skal vera umdæmisstjóri umdæmis I hjá Pósti og síma til sama tíma. Frá og með 31. mars 1975 skulu ákvæði 2. gr. hér að framan öðlast gildi að öllu leyti og starfsemi ritsíma- og langlínumiðstöðvarinnar þá sameinuð annarri starfsemi símsstöðvarinnar í Reykjavík.

Frá sama tíma skal skipaður umdæmisstjóri fyrir umdæmi I hjá Pósti og síma.

Samgönguráðuneytið, 20. desember 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Brynjólfur Inghólfsson.

AUGLÝSING

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga nr. 94 23. desember 1974 og innheimta á árinu 1975 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- Með 140% viðauka stimpilgjöld af öðru en afsölum fyrir fasteignum og skipum, leigusamningum um jarðir og lóðir og af kaupmálum.
- Með 140% viðauka, leyfisbréfastgjöld, önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 104/1965.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., eða broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

Fjármálaráðuneytið, 23. desember 1974.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Þorsteinn Geirsson.